

Drög

Stjórnarfundur FEB nr. 432 Þriðjudagur 22.10.2019

Mættir: Ellert B. Schram, Sigríður Sigurbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Kári Jónasson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.
Auk þess sátu fundinn Sverrir Hermann Pálmarsson og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Róbert Bender og Guðrún Árnadóttir

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar frestað til næsta fundar . Nokkrar umræður og ábendingar um fundargerðir. Ritari gerir lagfæringar til næsta fundar. Samþykkt sú meginregla að undirrita fundargerð síðasta fundar á næsta fundi á eftir.
2. Deloitte rannsókn. SHP gerði grein fyrir að lítið virðist hafa gerst þar. SHP fylgir eftir og fær svör um hvenær lokið.
3. Söllumál íbúða. Ein íbúð er óseld og var opið hús í gær 21.10.19.
4. Félagstíðindi. Hvenær gefa skal út blaðið þar sem síðasti fundur var ekki skýr í því. Tillaga formanns EBS að blaðið verði gefið út í janúar. Samþykkt að blaðið verði tilbúið og gefið út vel tímanlega fyrir aðalfund og eftir úttekt Deloitte. Auglýsingamál eru í farvegi samkv. JR.
5. Öldungaráð Reykjavíkur. Nefndarseta fh. FEB. Fv. framkvæmdastjóri sat í ráðinu. Auk hans eru Ellert B. Schram og Bryndís Hagan en varamenn eru Sjöfn Ingólfssdóttir og Reynir Vilhjálmsson. Samþykkt að fv. framkvæmdastj. sitji ekki fyrir hönd FEB þar til annað verður ákveðið en varamaður taki sæti hans á meðan. EBS tilkynni.
6. Dagsetning aðlafundar. Samþykkt að reyna að flýta fundinum eins og hægt er. Hefur oftast verið haldinn seinnihluta febrúar. Ársuppgjöri þarf að vera lokið. Tillaga að dagsetningu verði send út sem fyrst.
7. Umsögn um frumvarp frá nefndarviði Alþingis um að heilabílaðir bætist á skrár. Talið sjálfsgagt og sjálfgefið. Samþykkt að FEB mæli með án sérstakrar greinargerðar.
8. Borist hefur erindi til stjórnar FEB um að boðað verði til opins fundar vegna máls systkina sem vilja gera grein fyrir slæmri meðhöndlun á móður þeirra sem þau telja að eigi þátt í dauða hennar. Stjórnin var sammála um að þetta mál væri ekki þess eðlis að félagið eigi að hafa bein afskipti að því. Slíkur fundur verði því ekki haldinn í nafni félagsins.
9. LEB og málefni tengd því. SHP ásamt Sigríði og Guðrúnu áttu fund með Þórunni LEB vegna ógreiddra aðildargjalda FEB fyrir 2019. Farið var fram á að dreifa þessum greiðslum fram á næsta ár vegna fjárhagsstöðu FEB. Tekið jákvætt í það. Einnig rætt um Afsláttarbók og hlut LEB í kostnaði við hana. Rætt um að draga 1,1 m.kr frá skuld. Einnig var rætt almennt um LEB og FEB og áréttað að félagar í FEB eru um helmingur félagsmanna LEB. Aðildargjald FEB til LEB vegna 2019 er 6 m.kr. Stjórnin samþykkir að skerpa á umræðum innan FEB í frekari vinnu um leiðarljós og markmiðssetningu.
10. Fjáröflun FEB. JR ,SHP og Sigríður hafa skoðað kortasölu félagsins og hefur hún verið að skila ágætum tekjum á hverju ári. Nú er staðan hinsvegar sú að of seint er að fara í jólakortasölu. Því er lagt til að fara út í öðruvísi kortasölu, tækifæriskort og að hægt

verði að hefja sölu í júlí-ágúst á næsta ári. Einnig verði gerð tilraun með sölu á gömlum jólakortalager gegnum íþróttafélög.

11. JR leggur til að send verði kynning á FEB og umsóknareyðublað fyrir nýja félagsmenn á 2 árganga sem nálgast 60 árin til að ýta undir nýliðun. Samþykkt að því gefnu að Persónuvernd leggist ekki gegn því.
12. Umsókn um styrk úr Lýðheilsusjóði. ÓÖI leggur til að FEB sækir um styrk úr Lýðheilsusjóði til að hrinda í framkvæmd átaki í heilsueflingu aldraðra í samráði við aðila eins og Reykjavíkurborg, Janus Guðlaugsson ofl. EBS var formaður í nefnd á vegum Reykjavíkurborgar sem skilaði ágætri skýrslu og tillögum í janúar 2016. Kanna þarf hvað gerst hefur síðan. Samþykkt að ÓÖI fylgi málinu eftir og klári umsókn fyrir 4.nóvember.
13. Önnur mál. Kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að FEB og LEB fari sameiginlega í umfjöllun um hjúkrunarheimili og fráflæðisvanda Landspítalans. EBS og ÓÖI ræði á vettvangi LEB.
Líkur eru á að hægt verði að skýra frá stöðu í málsókn Gráa hersins á næsta fundi. Þorbjörn greindi frá stöðu í vinnu "stóru" opinberu nefndarinnar. Haldnir hafa verið 2 fundir. Virðist ekki vilji ráðamanna að hratt fari. Skýrist á næstu vikum hvort eitthvað komist inn í fjárlagagerð.
Kári gerði grein fyrir að ferðamál félagsins á árinu 2019 virðast hafa skila ágætum afgangi.

Fundi slitið 12.10

ÓÖI